

## **Málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna**

Tillögum sem fram koma í skýrslu starfshóps um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi er vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Í umsögn verði meðal annars, með vísan til þess sem fram kemur í tillögu 2, fjallað um áform um þéttingu byggðar í Staðahverfi og lagt mat á raunhæfni og fýsileika þess að ráðast í uppbyggingu á þróunarsvæði í Staðarhverfi sem styður við bindandi markmið gildandi aðalskipulags Reykjavíkurborgar. Auk þess er sérstaklega óskað eftir því að lagt verði raunhæft mat á tímalínu mögulegrar uppbyggingar.